

# Starfsleyfi

N1 ehf.

Kt: 411003 – 3370

Leyfi til að starfrækja: **Smurstöð**  
Aðsetur starfsemina: **Reykjavíkurvegur 54, Hafnarfjörður**

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðissamþykkir að endurútgefa leyfi samkvæmt 4. og 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

**Leyfið gildir frá 26. apríl 2021 til 25. apríl 2025**

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt og til 9. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002

## Gildissvið

Leyfi til reksturs smurstöðvar sbr. ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. og lið 7.7 um smurstöðvar í X. viðauka við sömu reglugerð.

## Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

- IV. kafla um húsnæði og lóðir í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.
- III. kafla reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, þar sem fjallað er um að draga úr myndun alls úrgangs, meðferð, geymslu og flutning hans í söfnunar- og móttökustöðvar til förgunar ásamt þrífnað lóðar.
- Auglýsingu nr. 582/2000 um almenn skilyrði vegna mengunarvarna.

## Kröfur er varða mengunarvarnir

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum er varða mengunarvarnir sem fram koma í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir smurstöðvar, dags. 27. ágúst 2003 sbr. *Fylgiskjal 1*.

## Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum X. kafla reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna.

Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Við flutning fyrirtækisins fellur leyfið úr gildi. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Taki nýr rekstraraðili við starfseminni er heimilt að fenginni umsókn, að færa starfsleyfið á nýjan rekstraraðila án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi enda verði engin önnur breyting á starfseminni.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis  
Garðabær, 10. september 2021



Fylgiskjal 1 við starfsleyfi N1. ehf. vegna reksturs smurstöðvar að Reykjavíkurvegur 54, Hafnarfirði,  
kt: 411003-3370, gefið út 10. september 2021.

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

## Starfsleyfisskilyrði fyrir smurstöðvar

Útgáfa 1.2003, Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur smurstöðva.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkt notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfis skyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

### 2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

- 2.1 Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.2 Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. úrgangsolíutunnur á lóðum þannig að snúi að almannaferi eða valdi slyshættu. Ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrífalegum.

### 3. Mengunarvarnir

- 3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.
- 3.2 Hafa skal olúgildru á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.
- 3.3 Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota sápuefni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olúgildrum.
- 3.4 Hafa skal reglubundið eftirlit með olúgildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.
- 3.5 Þar sem hættu er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olíuefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.

### 4. Geymsla á olíu og olíuefnum

- 4.1 Olíutankar þurfa samþykki byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlits og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.
- 4.2 Staðsetja skal tanka og tunnur undir olíuefni þ.m.t. úrgangsolíu í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðiseftirlit samþykkir.

### 5. Spilliefni og annar úrgangur

- 5.1 Ópressaðar olíusíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Þurrum, pressuðum olíusíum má skila með öðrum málmúrgangi.
- 5.2 Ganga skal þannig frá olíusmituðum úrgangi þar til að hann er fluttur til förgunar að ekki sé hættu á mengun.
- 5.3 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.
- 5.4 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.

Heilbrigðisnefnd Hafnarjarðar- og Kópavogssvæðis  
Garðabær, 10. september 2021